Árni Davíðsson
Suðurbraut 1
200 Kópavogur
netfang: arnid65@gmail.com

Kópavogur , 27. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til fjárlaga, 1. mál, 144. löggjafarþing.

Ég vil leggja til að eftirtalin vörugjöld verði hækkuð um a.m.k. 5% við byrjun árs 2015 en ekki um 2,5% eins og lagt er til í frumvarpinu: Almennt vörugjald á bensín, sérstakt vörugjald á bensín, olíugjald og kílómetragjald. Jafnframt vil ég leggja til að vörugjöld verði hækkuð á næstu árum þar til skattlagning á eldsneyti nær meðalskattlagningu eldsneytis á lítra í Evrópusambandinu.

Rökstuðningur: Skattlagning á eldsneyti á Íslandi var lengi vel um 60% af útsöluverði. Árið 2000 voru skattar lækkaðir og hafa þeir síðan haldist í um 50% af útsöluverði. Árið 2013 eru þeir um 47% af útsöluverði. Það eru með lægstu sköttum í Evrópu á eldsneyti og eru þau lönd sem hafa lægri skatta nær undantekningarlaust lönd með mun lægri þjóðartekjur og landsframleiðslu en Ísland. Í þessum samanburði má líta á eldsneyti sem undirskattlagðan vöruflokk á Íslandi. Aðrir neysluskattar er líklega í hærri kantinum hér á landi í samanburði og skera lágir skattar á eldsneyti sig úr að þessu leyti. Eldsneytisverð er þó frekar í hærri kantinum hér og ræðst það ekki af skattlagningu heldur fremur af óhagkvæmni í dreifingu og lítilli samkeppni.

Hærri skatta á eldsneyti má nota til að draga úr annarri skattlagningu svo sem hærri virðisaukaskatt á matvælum eða vörugjöldum á öðrum varningi. Þá er eðlilegt að auka skattlagningu á eldsneyti til að afla meiri tekna til endurbóta og viðhalds á vegakerfi landsins sem hefur setið á hakanum frá hruni. Eðlilegt væri að hækka framlög til samgöngumála til samræmis við meiri skattlagningu eldsneytis. Vegna lækkandi olíuverðs á heimsmarkaði er þessi tímasetning á hækkun eldsneytisskatta ákjósanleg.

Meðfylgjandi er grein þar sem ég bar saman skattlagningu og verð á eldsneyti í EB og á Íslandi og þróun hlutfalls skatta í útsölluverði bensíns.

Ég er tilbúin að koma á fund fjárlaganefndar og svara spurningum.

Árni Davíðsson

Skattar á eldsneyti og eldsneytisverð

Oft er kvartað yfir háu eldsneytisverði á Íslandi og mikilli skattlagningu á eldsneyti og sennilega hafa margir það á tilfinningunni að skattlagning eldsneytis sé há á Íslandi í samanburði við útlönd. Í rauninni er þetta þveröfugt. Skattlagning á eldsneyti er í lægri kantinum á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd. Núverandi ríkisstjórn hefur meira að segja frestað eða hætt við hækkun eldsneytisskatta í takt við verðbólgu. Þessir skattar eru að krónutölu og lækka í hlutfalli við verðbólgu ef þeir eru ekki hækkaðir árlega.

Skattar á eldsneyti hafa lækkað umtalsvert til lengri tíma litið. Skatthlutfallið var t.d. yfir 60% af útsöluverði árin 1996-1999 en lækkaði niður fyrir 50% fram til 2004, sjá 1. mynd [1]. Skattarnir eru ekki hærri núna því árið 2013 var hlutur allra skatta að meðaltali 47% af útsöluverði bensíns [2].

Á 2. mynd er súlurit sem sýnir upphæð eldsneytisskatta í Evrópulöndum um þessar mundir í evrum á 1.000 lítra eldsneytis [3]. Fyrri súlan fyrir hvert land sýnir bensíngjald en sú seinni olíugjald. Ísland er í 8. sæti yfir lægsta bensíngjald og eru löndin fyrir neðan öll fyrrum austantjaldslönd. Ísland er í 10. sæti yfir lægsta olíugjald en fyrir neðan eru auk fyrrum austantjaldslönd líka Grikkland, Spánn og Lúxemborg.

Myndin er allt önnur þegar eldsneytisverð er skoðað eins og sjá má á 3. mynd [4]. Ísland er þar í 20. sæti yfir lönd með lægsta bensínverð en í 27. sæti yfir lönd með lægsta díselverð. Hér er því 11. hæsta bensínverðið en 4. hæsta díselverðið borið saman við Evrópulönd. Misháir umhverfis- og virðisaukaskattur eftir löndum hafa þar áhrif en ekki síður kostnaður við flutninga til landsins, dreifing innanlands, umfangsmikið kerfi bensínstöðva og álagning olíufélaganna. Ríkið hefur sennilega minni tekjur af eldsneytissölu per einingu en lönd sem við berum okkur saman við en samt er eldsneytið dýrari hér en viðast hvar.

Það er mikilvægt að staðreyndir séu á hreinu og að við byggjum ekki ákvarðanir okkar á tilfinningu eða bábiljum. Að mínum dómi er fullt tilefni til að hækka eldsneytisskatta í takt við verðbólgu, að láta þá lækka með verðbólgu er röng stefna. Tekjurnar sem ríkið lætur frá sér með lækkun eldsneytisskatta þarf það að innheimta á öðrum vígstöðvum og svigrúmið til að slaka á öðrum sköttum verður minna fyrir vikið. Það væri ekki óeðlilegt að Ísland væri ofan við miðju í Evrópu i skattlagningu á eldsneyti ef mið er tekið af landsframleiðslu og þjóðarútgjöldum. Að við skulum verma botnsætin með fátækari löndum Evrópu er furðulegt.

[1] http://www.althingi.is/altext/135/s/0914.html

[2] http://hamar.stjr.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/Fjarlagafrumvarp/2014/Fyrri_hluti/Kafli_3.htm

[3] http://www.acea.be/uploads/publications/ACEA_Tax_Guide_Highlight-EU_Summary_2014.pdf

[4] http://www.fuel-prices-europe.info/index.php?sort=3. Sótt 7. júlí 2014.

Gengi er m.v. 155 IKR/Euro

1. mynd. Hlutfall vörugjalda og virðisaukaskatts af meðalútsöluverði bensíns á Íslandi frá 1996 til 2004



2. mynd. Eldsneytisskattar í Evrópu og á Íslandi, €/1.000 Lítra.



3. mynd. Eldsneytisverð í Evrópu og á Íslandi, ÍKR.